

- inu sjálfu, svo að hættulegt sé mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni, að hætt sé við, að þau berist í það.
2. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu banni með þeim skilyrðum, er hér segir:
 - a. Ef neyzluvatni er spillt, skal leyfið bundið því skilyrði, að sá, er vatninu spillir, leggi til annað jafngott vatnsból eða greiði kostnað af því að koma upp öðru vatnbóli jafngóðu.
 - b. Ef veiði er spillt, skal skylda þann, er það gerir, til að láta viðeldi í vatnið, sem nægi til þess, að veiði haldist eigi minni en var, ella bæta veiðisþjöllin fullum bótum.
 - c. Aðili skal að öðru leyti bæta það tjón, sem hljótast kann af fráfærslu óhreindanna frá mannvirkjum hans eða öðrum eignum.
 3. Bætur skal greiða eftir mati, nema um semji.
 4. Leyfi samkvæmt 2. lið má taka aftur bótalaust hvenær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsyn þykir til bera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna.
 5. Nýtt leyfi þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotið, þótt áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 2. lið.
- B. Bannað er annars að láta sleppa í vötn um skurði eða með öðrum hætti eða að henda í þau á ís eða svo nærri þeim, að hætt er við, að í þau berist, þeim efnum, sem í 83. gr. A segir, ef hætt er við, að þau spilli vatni, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás.

3. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

- a. Sveitarstjórn er heimilt, að fenginni umsógn heilbrigðisnefndar, að gera samþykkt um friðlýsingu svæðis, þar sem unnið er neyzluvatn, hvort heldur er um yfirborðsvatn eða grunnvatn að ræða. Sama gildir um svæði, þar sem fyrirhugað er að vinna neyzluvatn.
- b. Verði ágreiningur milli landeiganda og sveitarstjórnar eða sveitarstjórna um stærð hins friðlýsta svæðis og takmarkanir þær á eignarrétti, sem af því leiðir, og má þá skjóta honum til ráðuneytisins.
- c. Um framkvæmd friðlýsingarinnar skulu ákvæði 27. gr. gilda, eftir því sem við á.
- d. Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að friðlýsa svæði samkv. a-lið þessarar greinar, og skal hún þá birta almenningsi uppdrátt af hinu friðlýsta svæði ásamt greinargerð, þar sem tekið er fram, í hverju friðlýsingin er fólgin, á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað. Skal auglýsingin vera uppi í 6 vikur og athugasemdum við hana skilað til sveitarstjórnar innan 8 vikna, frá því að hún var birt. Samþykkt um friðlýsingu skal staðfest af ráðherra.

4. gr.

85. gr. laganna orðist svo:

- a. Heimilt er sveitarstjórnnum, einni eða fleiri saman, að framkvæma eftirlit með því, að friðlýsing verði virt, m. a. með því að ráða til þess eftirlitsmann, og skal það gert í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra. Starfssvið eftirlitsmanns skal nánar tiltekið í samþykkt. Eftirlitsmanni er heimilt án sérstaks úrskurðar að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að tilgangi friðlýsingarinnar verði náð, og er honum í því sambandi heimilt að leita aðstoðar lögregluþingvalda.
- b. Nú eru mannvirki fyrir á friðlýstu svæði, og er þá sveitarstjórn heimilt að krefjast þess, að þau verði fjarlægð, ef þurfa þykir, eða þannig um þau búið, að tryggilegt megi teljast að mati sveitarstjórnar. Á svæði, sem friðlýst er

vegna vinnslu neyzluvatns, getur sveitarstjórn sett þær takmarkanir á notkun landsins, sem hún telur nauðsynlegar.

- c. Áður en ráðizt er í vatnsveituf framkvæmdir, er sveitarstjórn skylt að láta rannsaka, hvort vatnið er mengað eða líkur á að það geti mengast.
- d. Eftir að vatnsból hefur verið virkjað, er sveitarstjórn skylt að láta fylgjast reglulega með gæðum vatnsins.
- e. Ákvæði 84. og 85. gr. gilda, eftir því sem við á, um vatnsveitur þær, sem komið er upp af vatnsveitufélögum. Ráðherra setur reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um ráðstafanir í sambandi við verndun neyzluvatns gegn mengun.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. febr. árið 1967 skipaði félagsmálaráðherra þá Hallgrím Dalberg, deildarstjóra, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og Sigurð Jóhannsson, vegamálastjóra, í nefnd „til þess að athuga og gera nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja verndun grunnvatns og vatnsbóla gegn hvers konar mengun.“

Tilfni þessarar nefndarskipunar var m. a. áskorun frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga hinn 3. nóv. 1966 og áskorun sama efnis frá Samvinnunefnd um skipulag Reykjavíkur og nágrennis, dags. 7. febr. 1967, um að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um verndun vatnsbóla fyrir mengun.

Þessar áskoranir um endurskoðun gildandi laga um verndun vatnsbóla eru fram komnar vegna þess, að á síðari árum hefur öflun á nothæfu neyzluvatni fyrir stækkandi kaupstaði og kauptún mætt vaxandi erfiðleikum. Mjög víða er neyzluvatns aflað með virkjun í ám og lækjum, og er þar oftast um yfirborðsvatn að ræða, sem auðveldlega mengast af völdum búpenings, sem leikur lausum hala um vatnasvæðin. Vinnsla grunnvatns með borunum hefur aukizt nokkuð hin síðari ár, m. a. vegna hættunnar á mengun á yfirborðsvatni. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að Reykjavík og Hafnarfjörður hafa lengst af haft aðgang að uppsprettulindum, sem teljast mega að mestu hreint grunnvatn, en það eru Gvendarbrunnar og Kaldárbotnar. Athuganir hafa þó leitt í ljós, að við vissar aðstæður getur verið mikil hætta á mengun grunnvatns ekki síður en yfirborðsvatns, eins og nánar verður vikið að í greinargerð þessari.

Á árinu 1964 var á vegum Samvinnunefndar um skipulag Reykjavíkur og nágrennis skipuð sérstök vatnsbólnefnd til athugunar á framtíðarvatnsþörf höfuðborgarsvæðisins. Í nefnd þessari áttu sæti fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á svæðinu frá Kjalarnesi til Hafnarfjarðar, að báðum meðtöldum. Þóroddur Sigurðsson, vatnsveitustjóri Reykjavíkur, var kosinn formaður, en nefndin réð Jón Jónsson, jarðfræðing, sér til ráðuneytis. Þegar í janúar 1965 lá fyrir greinargerð Jóns Jónssonar, dags. í nóv. 1964, „um verndun grunnvatns“, sem fylgir hér með sem fylgiskjal. Þegar nefnd þessi var skipuð, hafði Jón Jónsson um nokkurt árabil unnið að jarðfræðirannsóknum á svæðinu austan við Reykjavík og Hafnarfjörð, m. a. með tilliti til vinnslu neyzluvatns.

Í greinargerð sinni rekur Jón Jónsson jarðmyndun þessa svæðis og bendir á, að austan við Reykjavík og Hafnarfjörð sé mikið svæði, þar sem bergsprungur og misgengi er mjög áberandi. Í framhaldi af því segir:

„Af því leiðir óhjákvæmilega, að svæðið er mjög viðkvæmt fyrir hvers konar óhreinindum, og verður því að teljast mjög aðkallandi, að mál þetta verði tekið föstum tókum.“

Það virðist óhjákvæmilegt, að vinda þurfi bráðan bug að því að friða vissa hluta svæðisins alveg og aðra að meira eða minna leyti.

Það mun óhætt að fullyrða, að af engu stafi eins mikil hætta og af olíu, benzíni o. þ. h., því að staðreynd er, að 1 lítri af olíu getur eyðilagt 1 millj. lítra vatns.

Komist olía niður í grunnvatn, getur hún borizt með því langar leiðir og það reynzt „praktískt tekið“ ómögulegt að losna við hana, og undir öllum kringumstæðum getur í slíku tilfelli vatnsból orðið ónothæft, svo að mánuðum skiptir“.

Í framhaldi af þessum rannsóknum Jóns Jónssonar var vatnsbólnefnd falið að gera tillögur um nauðsynlega friðun á þessu svæði með tilliti til verndunar vatnsbólanna.

Tillögur um friðun lagði vatnsbólnefnd fyrir Samvinnunefnd um svæðisskipulag Reykjavíkur og nágrennis í janúar s. l., og voru þessar tillögur endanlega samþykktar af nefndinni 28. júní s. l. og hafa síðan verið staðfestar af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og auglýstar almenningi. Þar sem mjög vafasamt var talið, að hægt væri að framkvæma þær friðunarráðstafanir, sem Svæðisskipulagsnefnd Reykjavíkur og nágrennis hafði samþykkt, með stoð í IX. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, fór Samvinnunefndin fram á það við félagsmálaráðuneytið, að lögín yrðu endurskoðuð með tilliti til þessa.

Þegar er nefndin hafði verið skipuð af félagsmálaráðherra, hófst hún handa um öflun gagna um löggjöf í nágrannalöndunum um verndun vatnsbóla. Fyrir milli-göngu utanríkisráðuneytisins bærust nefndinni umfangsmikil gögn um þetta efni, en löggjöf um þessi mál er mjög ítarleg í nálægum löndum og raunar víða í endurskoðun. Aðstæður í þessum löndum eru þó á margan hátt æði ólíkar því, sem þekktist hér á landi, og taldi því nefndin ekki henta að taka þessa löggjöf sem beina fyrirmynd.

Nefndin hefur haldið 16 fundi og kallað sér til ráðuneytis þá Þórodd Sigurðsson, vatnsveitustjóra, Jón Jónsson, jarðfræðing, Guðlaug Hannesson, gerlafræðing, og Sigurð Sigurðsson, landlækni. Hefur verið rætt við alla þessa aðila um nauðsyn þess að gefa verndun vatnsbóla mun meiri gaum en gert hefur verið til þessa. Vísast í því sambandi til greinar eftir Guðlaug Hannesson í tímaritinu Frost, 8. tölublaði 2. árgangs, 1962. Er þar getið um rannsókn á 127 vatnsbólum, sem gerð var af Rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands árin 1960—1961 að tilhlutan Fiskimatsráðs. Niðurstaðan var sú, að af 127 vatnsbólum, sem rannsökuð voru, reyndust 38% góð, 12% gölluð og 50% ónothæf. Í greininni segir svo m. a.:

„Þetta eru ískyggilegar tölur, ekki aðeins fyrir fiskiðnaðinn í landinu, heldur einnig fyrir íbúa þeirra bæja og þorpa úti um landið, sem neyta verða drykkjarvatns, sem er óneyzluhæft vegna saurmengunar í einhverri mynd.“

Við stöndum því andspænis þeirri staðreynd, að liðlega helmingur bæjarvatnsveitna hérlendis uppfyllir ekki kröfur um gæði vatns til drykkjar“.

Þess skal getið til skýringar, að nokkuð af þeim vatnsbólum, sem athugun þessi náði til, voru sjóveitur vegna frystihúsa.

Í framhaldi af þessum athugunum Rannsóknarstofu Fiskifélagsins gaf Fiskimat ríkisins út fyrirmæli til allra hraðfrystihúsa hinna 23. des. 1963 um að blanda klór í „allt vatn eða sjó, sem notað er til þvotta á fiski, áhöldum, húsnæði eða handþvottar fyrir verkafólk.“ Var frestur gefinn til 1. maí 1964 til þess að koma þessum framkvæmdum í kring.

Vatnalögin frá 1923 hafa staðið nærri óhöggðu í 45 ár og verða að teljast með ýtarlegustu og beztu lagasmíðum hér á landi. Hins vegar er þess ekki að vænta, að menn sæju þá fyrir öll þau vandamál, sem fylgja hinni miklu neyzluvatnsþörf vaxandi þéttbýlis, eða þau sérstöku vandamál, sem leysa þarf vegna vinnslu grunnvatns. Þá var óþekkt að vinna grunnvatn með öðru móti en úr brunnum, og af þeim sökum er vafasamt að beita ákvæðum IX. kafla vatnalaganna á þann hátt, sem nú er talið nauðsynlegt, til verndar vatnsbólum.

Til þess að afla þeirra lagaheimilda, sem nefndinni er falið með erindisbréfi frá 24. febr. s. l., taldi hún heppilegast að fella saman í eina grein 83. og 84. grein

núverandi IX. kafla vatnalaganna og hafa þá grein með undirliðum A og B, fella niður 85. grein, bæta síðan við tveim nýjum greinum, 84. og 85. grein, þó taldi nefndin rétt að fella niður í 83. gr. orðin: iðjuver og iðjuhöldur, þannig að ákvæði greinarinnar yrðu meira almenns eðlis. Með þessu móti þyrfti ekki að raska greinafjölda og greinaröð laganna, en fá þó þær heimildir, sem nefndin telur nauðsynlegar til verndunar vatnsbóla.

Fylgja hér á eftir athugasemdir um þessar tvær greinar.

Um 3. gr. (84. gr.).

- a. Hér er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn sé heimilt, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að friðlýsa þau svæði, þar sem unnið er neytluvatn, hvort heldur það er grunnvatn eða yfirborðsvatn. Að sjálfsögðu yrði heilbrigðisnefnd eða sveitarstjórn að láta fara fram ítarlega rannsókn á nauðsyn friðlýsingar af sérfróðum mönnum. Þar sem slík friðlýsing hlýtur að kosta sveitarfélagið nokkurt fé, er tæpast hætt á, að það láti friðlýsa stærra svæði en nauðsynlegt er. Gert er ráð fyrir sama gangi mála, þar sem fyrirhugað er að vinna neytluvatn. Að sjálfsögðu gegnir hér sama máli, hvort um er að ræða eina eða fleiri sveitarstjórnir, sem standa saman að vinnslu neytluvatns.
- b. Með þessu ákvæði er réttur landeiganda tryggður enn frekar en með beinum bótum fyrir tjón eftir mati, skv. öðrum ákvæðum laganna. Sama gildir um málskot til ráðuneytis, ef upp kemur ágreiningur milli sveitarstjórna innbyrðis um friðlýsingu, ef eitt eða fleiri sveitarfélög þurfa að láta friðlýsa svæði í öðru sveitarfélagi.
- c. Þessi liður þarfnast ekki skýringa.
- d. Hér er gert ráð fyrir, að réttur þeirra, sem hagsmuna eiga að gæta, sé tryggður á sama hátt og gert er með auglýsingu skipulagstillagna, enda er hér um svipaðar aðgerðir að ræða á margan hátt. Sjálfsgagt þykir, að friðlýsing sé staðfest af ráðherra á sama hátt og skipulagsuppráttur.

Um 4. gr. (85. gr.).

- a. Hér er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum sé heimilt að ráða eftirlitsmann til þess að fylgjast með því, að friðlýsing sé virt. Starfssvið eftirlitsmanns yrði að tilgreina nánar í samþykkt með tilliti til friðlýsingarinnar á hverjum stað. Lagt er til, að eftirlitsmanni verði án dómsúrskurðar heimilað að gera nauðsynlegar ráðstafanir, strax og hann verður var við, að friðlýsing sé brotin, eða slíkt brot yfirvofandi, og í því sambandi heimilað að leita aðstoðar lögregluyfirvalda. Þar sem mengun vatnsbóla getur borið að með mjög skjótum hætti, er talið nauðsynlegt, að hægt sé að gripa strax í taumana, þar sem öflun úrskurðar getur oft tekið langan tíma. Að sjálfsögðu ber hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög ábyrgð á gjörðum eftirlitsmanns í þessu efni samkv. alm. reglum laga.
- b. Á friðlýstu svæði er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn geti með friðlýsingunni sett þær takmarkanir á notkun landsins, sem hún telur nauðsynlegar til verndar vatnsbóla, þar með talið að láta fjarlægja mannvirki, sem fyrir eru á svæðinu, eða gera þær kröfur um frágang þeirra, er tryggilegar geta talizt með tilliti til verndunar.
- c. Hér er gert ráð fyrir því, að áður en sveitarstjórn hefur vatnsveituframkvæmdir, skuli hún láta rannsaka, hvort vatn það, er virkja skal, sé mengað eða líkur á því, að það geti mengast. Með þessu móti á að vera tryggt, að þegar á undirbúningsstigi sé hægt að ganga úr skugga um, hvort vatnsból sé í raun og veru nothæft.
- d. Hér er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn sé skylt að láta fylgjast reglulega með gæðum vatnsins, eftir að vatnsból hefur verið virkjað. Hins vegar er í frumvarpi til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem samið hefur verið

að tilhlutan heilbrigðismálaráðherra, gert ráð fyrir slíku eftirliti. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir, að heilbrigðisnefndir eða sérstakur heilbrigðisfulltrúi sjái um framkvæmd á slíkum athugunum, og mun svo vera nú hjá Vatnsveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Hafnarfjarðar. Virðist nauðsynlegt, að fenginni reynslu, sbr. rannsókn þá, er Rannsóknarstofa Fiskifélagsins lét fram fara á árunum 1960—1961, að regluleg athugun á vatnsbólum fari fram. Að sjálf-sögðu yrði það mismunandi eftir aðstæðum fyrir hinar ýmsu vatnsveitur, og yrði um það atriði að setja reglur í samráði við sérfróða menn, eða skv. ofangreindu frumvarpi um heilbrigðiseftirlit, ef að lögum verður.

e. Þessi liður þarfnast ekki skýringa.

Um þetta og önnur framkvæmdaatriði í sambandi við verndun vatnsbóla er gert ráð fyrir, að ráðherra láti setja reglugerð. Þykir í því sambandi rétt að benda á, að í lögum hér á landi eru engin ákvæði um lágmarksgæði neyzluvatns, en slík ákvæði eru í lögum fjölda landa, og hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefið út leiðbeiningar í því efni. Virðist og sjálfsgagt, að reglugerð um það atriði yrði sett samkv. áður nefndu frumvarpi til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Fylgiskjal.

JÓN JÓNSSON

Um verndun grunnvatns.

Inngangur.

Vegna sívaxandi þéttbýlis og aukins iðnaðar í tæknilega háþrúðum ríkjum hefur spursmálið um verndun vatns gegn hvers konar óhreinindum orðið meir og meir aðkallandi.

Í nágrannalöndum okkar hefur þetta þegar leitt til þess, að sett hafa verið viðtæk lagaákvæði, sem miða að því að varðveita vantsforða, sem tryggi, að nægilegt neyzluvatn sé fyrir hendi. Enn fremur fjalla þau um verndun fiskstofna í ám og vötnum og gripa inn á svið heilbrigðismála og náttúruverndar. Sérstök ákvæði gilda yfirleitt um grunnvatn. Hér á landi hefur þessum málum hingað til ekki verið hreyft, svo að teljandi sé. Að svo hefur ekki verið, þýðir þó engan veginn, að hjá okkur þurfi þess ekki með, og skal nú nokkuð að því vikið.

Grunnvatn, bergsprungur og misgengi við Reykjavík og Hafnarfjörð.

Skammt austan við Reykjavík og Hafnarfjörð er, eins og sjá má af meðfylgjandi korti, mikið svæði, þar sem bergsprungur og misgengi eru mjög áberandi. Sprungur þessar og misgengi stefna norðaustur-suðvestur. Misgengin eru hvað mest áberandi suðvestur af Elliðavatni eða á svæðinu frá Elliðavatni og suður fyrir Kaldárbotna. Þó má auðveldlega rekja sprungurnar miklu lengra bæði norður og suður.

Athuganir, sem undanfarin ár hafa verið gerðar, að langmestu leyti á vegum Vatnsveitu Reykjavíkur, hafa leitt í ljós, að lindir og uppsprettur á þessu svæði öllu eru nátengdar þessum bergsprungum, svo nátengdar, að segja má, að rekja megi upptök nærri því hveirrar einustu lindar til sprungu eða misgengis. Þetta má auðveldlega lesa af kortinu. Boranir á svæðinu benda til, að staða grunnvatnsborðs á sprungusvæðinu öllu sé yfirleitt mjög svipuð á stórum hluta þess. Undantekningar eru þó til. Einnig sýna boranirnar, að innan sprungusvæðisins er geysilegur forði grunnvatns fyrir hendi, og vitað er, að um fyrsta flokks neyzluvatn er að ræða.

Jarðfræðilegar rannsóknir á sprungusvæðinu öllu hafa hins vegar leitt í ljós, að allt bendir til þess, að hreyfingar eigi sér enn þá stað innan þess, og að

sprungurnar eru að miklu leyti gapandi gjár, þótt oft séu þær huldar þunnum jarðvegi, sem sigið hefur ofan á þær.

Af því leiðir óhjákvæmilega, að svæðið er mjög viðkvæmt fyrir hvers konar óhreinindum og verður það því að teljast mjög aðkallandi að mál þetta verði tekið föstum tökum.

Það virðist óhjákvæmilegt, að vinna þurfi bráðan bug að því að friða vissa hluta svæðisins alveg og aðra að meira eða minna leyti.

Það mun óhætt að fullyrða, að af engu stafi jafnmikil hætta og af olíu, benzíni o. þ. h., því að staðreynd er, að *einn lítri af olíu getur eyðilagt eina milljón lítra vatns.*

Komist olía niður í grunnvatn, getur hún borizt með því langar leiðir og það reynzt „praktískt tekið“ ómögulegt að losna við hana, og undir öllum kringumstæðum getur í slíku tilfelli vatnsból orðið ónothæft, svo að mánuðum skiptir.

Á meðfylgjandi korti eru merkt þau svæði, sem ég tel að nauðsynlegt sé að friða, og skal nú gera nánari grein fyrir því.

Friðun sprungusvæðisins.

Gert er ráð fyrir þrem gráðum af friðun. Hér á eftir nefnd svæði I, II og III. *Svæði I. Brunnsvæðið.* Æskilegast er að sjálfsögðu, að grunnvatn sé notað sem neyzluvatn og það tekið úr borholum og á nokkru dýpi undir yfirborði jarðar.

Á þessu svæði ætti ekki að leyfa olíur, benzín, vegsalt, olíu til rykbindingar á vegum, áburð, tilbúinn eða annan, eiturefni t. d. til eyðingar á illgresi, skordýrum eða þess háttar, rusl (affall) af nokkru tagi.

Ef frárennsli frá húsum óhjákvæmilega verður að liggja um brunnsvæðið, ættu leiðslurnar að vera a. m. k. 3 m yfir grunnvatnsborði og í þéttum pípum með þéttum samskeytum. Svæðið sé afgirt og lokað.

Svæði II. Á því sé ekki leyft að hafa stóra olíu- eða benzineyma, litla (einka) olíugeyma, sem grafnir eru í jörðu. Á þessu svæði ætti aðeins að leyfa olíugeyma, sem standa í vatnspéttri, steyptri þró með hallandi gólfi, svo útbúnu, að sú olía, sem niður kann að fara, renni í sérstakan geymi, og eins ef leki kemur að aðalgeymi. Geymi sé þannig fyrir komið, að auðvelt sé að athuga hann frá öllum hliðum. Tvöfalda geyma mætti og leyfa á þessu svæði, og væru þeir þá með sérstökum útbúnaði, sem varaði við, ef leki kemur að geymi.

Olíugeymar ryðga bæði utan frá og innan. Vatn í olíunni sezt á botn geymisins, og nokkur slagi mun að jafnaði koma fyrir á veggjum hans, veldur þetta ryði. Sé geymir grafinn í jörðu, er ekki hægt að fylgjast með þessu, og getur því verið komið í óefni, áður en vart verður við lekann. Oft getur suðu á samskeytum geymanna verið ábótavant.

Svæði III. Á þessu svæði séu allar byggingar, frárennsli frá húsum og það, sem nefnt er undir I og II, háð leyfi og undir ströngu eftirliti hlutaðeigandi byggingarfulltrúa, sem leiti álits sérfróðra manna, ef með þarf. „Lager“ af benzíni og olíu neðanjarðar sé ekki leyft, nema svo sé um húið, að hægt sé að athuga geymana við og við. Olíugeyma ætti ekki að setja niður, nema leyfi komi til, og þá aðeins undir eftirliti. Frárennsli frá húsum sé örugglega umbúið og háð eftirliti. Bráðabirgðafrágangur af nokkru tagi sé ekki leyfður.

Fari olía eða benzín af óviðráðanlegum ástæðum niður, t. d. við slys, ætti þegar í stað að hefjast handa um að eyða því (með eldi), ef hægt er. Þá ætti og að fylgjast nákvæmlega með vatnsbólum í nágreininu, eftir að slíkt hefur komið fyrir, þangað til öruggt má telja, að hætta sé liðin hjá.

Svæði, þar sem gera má ráð fyrir að í framtíðinni verði brunnsvæði, ætti að friða á sama hátt og gert er ráð fyrir um brunnsvæði, sem þegar er í notkun.